

Metnaðarfullt Hringþing um menntamál innflytjenda

Innflytjendur eru stundum til umfjöllunar í fjölmiðlum og ekki síst þegar fréttaflokkurinn snýr að því sem aflaga fer hjá þeim eða samfélaginu sem þeir búa í. Á hinn bóginn virðast jákvæðar hliðar á málefnum innflytjenda sjaldan teljast til tíðinda.

Þann 14. september sl. var haldið Hringþing um menntamál innflytjenda í Rúgbrauðsgerðinni sem 240 manns sóttu. Þar gafst þátttakendum kostur á að hlusta á hringborðsumræðu um áhrif orðræðu, viðhorfa og fordóma á tækifæri innflytjenda til náms og umræðu um kennaramenntun og innflytjendur. Þátttakendur lögðu sjálfir ýmislegt til málanna enda höfðu stjórnendur gott lag á að virkja þá í umræðunum.

Á Markaðstorgi góðra hugmynda voru kynnt 40 áhugaverð og hagnýt verkefni í námi og kennslu innflytjenda á öllum skólastigum. Markaðstorgið bar nafn með rentu og höfðu þátttakendur dágóðan tíma til að röltu á milli borða og kynna sér framboðið, en umfram allt til að spjalla við aðra og skiptast á hugmyndum og upplýsingum.

Í málstofu um helstu álitamál í tengslum við menntamál innflytjenda, stöðu þeirra og mikilvægar aðgerðir var unnið hörðum höndum við að finna lausnir á knýjandi álitamálum. Málstofan, sem fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins skipulögðu, var mjög metnaðarfull og krefjandi. Álitamálin sem lögð voru fyrir þátttakendur voru 29, þar á meðal: Brottfall nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskólum, þátttaka ríkisins og atvinnurekenda í kostnaði við íslenskukennslu fullorðinna, Íslenska fyrir útlendinga á fullorðinsaldri- námskrár í grunnnámi og framhaldsnámi, móðurmálskennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, trúarbragðafræðsla í grunn- og framhaldsskólum og viðurkenning á trúarlegum fjölbreytileika, fjölmenningsleg fræðsla og aðgerðir gegn fordómum og misrétti í skólum, símenntun fyrir kennara á öllum skólastigum vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku og menntun atvinnulausra innflytjenda. Til stendur að nota afurðir málstofunnar og annars sem fram kom á þinginu til að forgangsraða verkefnum í þróun menntunar innflytjenda og til að greina forgangsverkefni fyrir væntanlega framkvæmdaáætlun ríkis og sveitarfélaga.

Þegar undirbúningur Hringþingsins stóð sem hæst kom fram hjá einum þátttakenda, sem boðaður hafði verið á fund undirbúningshópsins, að grunnskólakennarar í afskekktum sveitarfélögum hefðu engar bjargir þegar kæmi að námi og kennslu nemenda sem væru innflytjendur og með annað móðurmál en íslensku. Í lok þingsins kvað við allt annan tón hjá viðkomandi enda hafði hann komist í snertingu við gerjunina sem á sér stað í málaflokknum. Hann hafði hitt fjölmarga eldhuga, fulltrúa kennara og annarra stétta sem hafa unnið mörg hagnýt og áhugaverð verkefni. Einnig hafði hann séð og fengið upplýsingar um hvar mætti finna fjölmargar bjargir sem innflytjendur, kennarar og aðrir geta nýtt sér. Reyndar var það samhljóma niðurstaða margra þátttakenda að þótt við Íslendingar

ættum langt í land á mörgum sviðum sem snúa að málefnum innflytjenda, þá hefði það komið þeim á óvart hve margar og fjölbreyttar þjargirnar eru nú þegar.

Það sem einkenndi Hringþingið var lausnamiðuð nálgun og hve fjölbreyttur hópur þátttakenda var. Þar voru fulltrúar innflytjenda, allra skólastiga og fullorðinsfræðslu og fjölmargra annarra hópa. Engin erindi voru flutt á þinginu að frátöldum ávörpum mennta- og menningarmálaráðherra og velferðarráðherra og hefur það sjálfsagt skilað sér í jafningjabragnum sem sveif yfir vötnum. En það sem sárlega vantaði var að fjölmiðlar fjölluðu um þingið og greindu frá því sem er efst á baugi í málaflokknum. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá fulltrúa fjölmiðla á vettvang Hringþingsins, sem stóð yfir í heilan dag, þáði enginn boðið. Það má velta því fyrir sér hvort góðar fréttir af málefnum innflytjenda séu ekki frétt næmar.

Nánari upplýsingar um Hringþingið má nálgast hér: <http://tungumalatorg.is/hringthing/>

Að Hringþinginu stóðu Innflytjendaráð, velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Fjölmenningssetur, Tungumálatorg, Háskóli Íslands, Þjónustumiðstöð Breiðholts og Samband íslenskra sveitarfélaga



Höfundur greinar: Hulda Karen Daníelsdóttir, verkefnastjóri og formaður undirbúningshóps Hringþings um menntamál innflytjenda.